



EYJAFJARÐARSVEIT

Iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDN	2020066	Ábm. ESG
B lyk.	2.2.1	Aðrir	
Mótt.	6.7.2012	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Iðnaðarráðuneyti
Nefnd til að móta stefnu um lagningu raflína í jörð
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Eyjafjarðarsveit, 5. júlí 2012
1203018 26.2
JV

Efni: Ábendingar varðandi lagningu háspennulína í jörð

Á fundi sveitarstjórnar 13. júní s.l. var eftirfarandi umsögn samþykkt.

„Í framhaldi af fundi sem haldinn var með fulltrúum frá Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ og nefndinni 30. apríl s.l. vill sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar á rétta eftirfarandi atriði:

Vísað er til þeirra sjónarmiða og raka sem fram komu í greinargerð Eiríks Björns Björgvinssonar og Jónasar Vigfússonar, og lögð var fram á framangreindum fundi, fyrir nauðsyn þess að fyrirhuguð 220 kV raflína verði lögð í jörð þar sem hún þverar Eyjafjörð.

Til viðbótar bendir sveitarstjórn á að miklar framfarir hafa orðið á síðustu árum í tækni við gerð og lagningu jarðstrengja. Strengirnir sjálfir hafa verið endurbættir og opnast hefur möguleiki á að bora strengina í jörð við viss jarðfræðileg skilyrði í stað þess að grafa skurði. Slikt mundi henta vel til að fara undir árkvísar og votlendi Eyjafjarðar á flatanum. Þá hafa einnig orðið framfarir við skurðgröft þar sem hans er þörf með því að nota færanlegar skinnur undir beltagröfur í stað þess að leggja vegi meðfram öllum skurðum. Þessi tækni hefur nýlega verið notuð í Danmörku með góðum árangri við lagningu jarðstrengja frá vindrafstöðvum en þar var valin jarðstrengjaleiðin til að hlífa ræktunarsvæðum og koma í veg fyrir sjónmengun frá loftlinum. Ljóst er að tæknin í þessum málum mun þróast áfram og einhverjar framfarir til viðbótar verða örugglega á því árabili sem líður fram að því að fyrirhuguð lína verði lögð. Með þessum framförum hefur kostnaður við jarðstrengina minnkað og mun án efa lækka enn frekar. Því er brýn nauðsyn að veita auknar lagaheimildir fyrir lagningu jarðstrengja.

Hvað varðar sérstaklega þessa fyrirhuguðu 220 kV línu vill sveitarstjórn ítreka sérstöðu Eyjafjarðarsveitar og Akureyrar m.a. vegna alþjóðaflugvallarins, náttúrufars og þéttbýlis eins og fram kom í fyrrnefndri greinargerð. Erfitt er að réttlæta slíka línu í lofti þvert yfir Eyjafjarðarsveit en línan yrði að fara töluvert langt inn í sveit vegna öryggismála við flugvöllinn. Mjög þéttbýlt er í Eyjafjarðarsveit en jarðir almennt litlar miðað við sveitir almennt. Á þó nokkrum jörðum hafa nú þegar verið skipulögð ýmist íbúðar- eða orlofshúsasvæði. Ferðaþjónusta hefur aukist í sveitarfélaginu undanfarin ár og mun vaxa enn, bændagisting er á nokkrum heimilum auk veitingastaða og gistiheimila. Þessi ferðaþjónusta byggir ekki sist á föggu umhverfi og útsýni. Það bákn sem fyrirhuguð háspennulína í lofti væri á engan veginn



EYJAFJARÐARSVEIT

Samleið með þessum atvinnuvegum. Auk þess mundi sjónmengun af henni blasa við á öllum umferðarleiðum sveitarinnar.

Ljóst er að enginn vill slíka línu um sitt land eða fram hjá sínu heimili. Það er sama hvar slíkri línu yrði valinn staður, þéttbýlið er slíkt að útilokað væri að koma línunni fyrir án þess að vera í næsta nágrenni við heimili einhverra. Það er ljóst að 220 kV háspennulína í lofti verðfellir jarðir og lóðir í nágrenni hennar og jafnvel á stóru svæði umhverfis vegna sjónmengunar. Íbúðarhús munu einnig falla í verði af þessum sökum og íbúar sveitarfélagsins þannig beinlínis verða fyrir fjárhagstjóni og þar með einnig sveitarfélagið í heild.

Eyjafjarðarsveit er bæði búsældarleg og fögur, náttúrufar er sérstakt og lögð hefur verið áhersla á verndun votlendis á flatanum og aukna skógrækt í hliðunum beggja vegna. Þessar áherslur hafa aukið útivistargildi svæðisins m.a. vegna vaxandi áhuga ferðafólks á fuglaskoðun og gönguferðum. Loftlína yfir þvera sveitina á ekki samleið með þessum áherslum.

Út frá öllu framansögðu vill sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar ítreka þá skoðun sem fram kom í fyrirnefndri greinargerð sem lögð var fram á fundi með nefndinni 30. apríl s.l. að þegar umrædd 220 kV háspennulína verður lögð þarf að leggja hana í jörð þar sem hún þverar Eyjafjörðinn."

Ábendingum þessum er hér með komið á framfæri um leið og beðist er velvirðingar á hve seint þær eru sendar.



Virðingarfyllst

Ólafas Vigfússon

